

vor. Þeir menn hafa lofað að styrkja rit þetta, og útgefendurnir ætla engu þar um að heita, hversu það verður af hendi leyst. Almenningur er þegar orðinn þeim mönnum svo kunnugur, að frekari málalenging um þá þýðir ekkert.

Að efingu pólitískra flokksmála ætlar rit þetta sér ekki að vinna, en ritgjörðir um stjórnsmál og anda þann, sem er ríkjandi í ýmsum lagaákvæðum og framsóknar baráttu hinna mentuðu þjóða, mundi það gjarnan kjósa að geta flutt, en lofar þó engu um það, því það verður að vera undir atvikum komið, hvert nokkuð þessháttar fæst. Það eru ekki allir vaxnir því verki, að rita um þau mál, svo í lagi sé, enda kannske lítil krafa gjörð í þá átt enn sem komið er. Vanalegast endar alt á „Fjórðu bæn“ að viðauknu „Fyrsta boðorðinu“.

Æftíagrip merkra manna, smásögur og ýmsar fleiri ritgjörðir, er kunna að berast oss, vonumst vér eftir að rit þetta flytji, ef því endist aldurinn til, en það er algjörlega undir því komið, hverjar viðtökurnar verða. Útgefendurnir bera það traust til almennings, að þótt hann sé um fátt spurður af því, sem gjört er, þá fái hann þó ráðið því, að kaupa það og borga, geðjist honum að því, og geti það orðið til uppbóta nokkru því, er nú er ábótant í blaðaheimi vorum, geti það orðið nokkrum til uppörvunar og styrktar í þeirri seinsförunu og vegalausu eftirleit, sem margur hefir ráðist í fylgdarlaust.

Stórmervi og kraftaverk býðst HEIMIR ekki við að afreka, en fylgd getur hann boðið, þann starfa hefir hann af hendi leyst áður.